

## HAFNARFJÖRÐUR

Samgöngu- og sveitarstjórnarrá  
b.t. Guðna Geirs Einarssonar  
Sölvhólsgötu 7  
101 Reykjavík

Hafnarfirði, 13. ágúst 2018  
1806170 RE

Efni: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, fasteignasjóður, styrkur, umsókn

Hafnarfjarðarkaupstaður sótti um framlög í fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs fyrir kaupum og endurbótum á húsnæði að Suðurgötu 14 vegna hæfingarstöðvar fyrir fatlað fólk. Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs samþykkti umsóknina og veitir styrk að upphæð 22.5 millj. Hér með er þakkað fyrir styrkinn.

Jafnframt var sótt um styrk í sjóðinn fyrir dagþjónustu við fatlaða nemendur á grunn- og framhaldsskólaaldri. Óskað er frekari gagna og rökstuðnings vegna umsóknarinnar og hvernig umsóknin fellur að reglugerð nr. 460/2018.

Vinaskjól fellur undir d lið 2.gr. reglugerðarinnar þar sem um er að ræða þjónustu fyrir einstaklinga sem áður sóttu hæfingarstöðvar.


“Vinaskjól er dagþjónusta fyrir fatlaða framhaldsskólanemendur með miklar stuðningsþarfir sem eru á starfsbrautum framhaldsskólanna. Vinaskjól tekur á móti ungmennunum að skóladegi loknum og er opinn allan daginn í skólafríum og á sumrin. Þessi ungmenni fóru á árum áður (á tímum svæðisskrifstofanna) á hæfingarstöðvarnar en þar sem undan farin ár hafa ekki verið laus rými á hæfingarstöðvum var farið í að útbúa sér dagþjónusta fyrir þennan aldurshóp. Starfssemin hefur verið í bráðabyrgðar húsnæði en er nú komið með varanlegt húsnæði að Suðurgötu 14.”

“Kletturinn er dagþjónusta fyrir fatlaða grunnskólanemendur á mið- og efsta stigi grunnskólanna. Kletturinn tekur á móti börnum að skóladegi loknum og er opinn allan daginn í skólafríum og á sumrin. Kletturinn hefur verið á flakki í tímabundnu húsnæði en fer í sumar í varanlegt húsnæði að Suðurgötu 14.”

Umsókn um styrk til Klettsins er byggð á e. lið 2.gr. reglugerðar nr. 460/2018. Eins og fram kemur er Kletturinn að flytja í varanlegt húsnæði sem þarfnast mikilla breytinga.

Skv. 16.gr. laga nr. 38/2018 lög um fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir er frístundþjónusta orðin lögbundin þjónusta sem sveitarfélögum er skylt að veita. Á grundvelli þess og að sveitarfélagið er að ráðast í kostnaðarsamar breytingar sem fellur vel að hlutverki fasteignasjóðs, er ítrekuð umsókn um styrk til framkvæmdanna.

Hafnarfjarðarkaupstaður sótti einnig um styrk til að koma dagþjónustu fyrir fatlað fólk í varanlegt húsnæði. Í lögum um 38/2018 er í 24.gr. talað um vinnu, hæfingu og dagþjónustu og kemur þar fram að sveitarfélög skuli starfrækja vinnustaði fyrir verndaða vinnu, hæfingu og dagþjónustu fyrir fatlað fólk þar sem því stendur til boða þroska-, iðju- og starfsþjálfun. Lækur fellur undir þessa skilgreiningu þar sem þar er boðið uppá dagþjónustu og iðju fyrir geðfatlað fólk. Umsóknin fellur því að d og e lið reglugerðar nr. 460/2018.

Virðingarfyllst,  
  
Rannveig Einarasdóttir  
Sviðsstjóri